**Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu**

Bæjarráð
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
220 HAFNARFIRÐI

Kópavogi 23. apríl 2013

**Efni: Breytingartillögur á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga, til samþykktar í auglýsingu sbr. 24. gr. skipulagslaga.**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti á fundi sínum 19. apríl sl. að tillögur að breytingum á svæðisskipulaginu er varða endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga, væri tilbúnar í auglýsingu skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123. **Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. eru tillögurnar sendar sveitarfélögunum til samþykktar í auglýsingu.**

Lýsing breytingar var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd 3. júní 2011 og fór í framhaldi þess til kynningar og umsagnar skv. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr., 6.gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana Engar verulegar athugasemdir voru gerðar við lýsinguna.

Þann 8. mars 2012 voru drög að tillögu að svæðisskipulagsbreytingu samþykkt til kynningar samkvæmt 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga, í svæðisskipulagsnefndinni. Tillagan var síðan kynnt á opnum íbúafundi í Salnum Kópavogi þann 18. apríl 2013 Auk þess voru skipulagsgöng kynnt og gerð aðgengilega á vefnum. Nokkrar formlegar athugasemdir hafa borist við tillöguna í umræddu kynningarferli og er gerð sérstök grein fyrir þeim í viðauka greinargerðar.

**Í ljósi þess hversu svæðisskipulagsferlið er tafsamt er þess óskað að sveitarfélögin hraði afgreiðslu þessa máls eins og kostur er, og eigi síðar en 21. maí nk.**

Virðingarfyllst,
f.h. svæðisskipulagsnefndar,

Hrafnkell Á. Proppé
skipulagsstjóri SSH

Hjálagt:

a) **Breytingartillögur vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga.** Dags. 19.Apríl 2012
b) **Viðauki 6.2 - Umhverfisskýrsla.** Dags. Febrúar 2013
c) **Viðauki 6.3 - Umferðarspá 2013.** Drög að greinargerð dags. 5. nóvember 2012
d) **Viðauki 6.4 - Umsagnir og athugasemdir.**

Sent til:
Aðildarsveitarfélaga SSH.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu Sími 564 1788
Hamraborg 9 Netfang: ssh@ssh.is
200 Kópavogi